

Stokkseyri 10. maí 2022

Fræðslunefnd Árborgar
b/t Þorsteinn Hjartarson
fræðslustjóra Árborgar

Efni: Leikskólinn Strandheimar - Beiðni um tilfærslu á skipulagsdögum skólaárið 2022-2023

Ágæta fræðslunefnd.

Við í Leikskólanum Strandheimum óskum hér með eftir tilfærslu á skipulagsdögum skólaárið 2022-2023 vegna námsferðar sem við stefnum á að fara vorið 2023.

Allar líkur eru á að farið verði með Endurmenntunarferðum ehf. dagana 17.-21. maí 2023 til Alicante á Spáni líkt og staðið hafði til vorið 2020 en fresta varð vegna Covid-19.

Þar sem leikskóladagatal fyrir skólaárið 2022-2023 hefur þegar verið samþykkt óskum við eftir tilfærslu á skipulagsdögum á eftirfarandi hátt:

- Skipulagsdagur 28. febrúar færist á 17. maí 2023
- Skipulagsdagur 22. maí færist á 19. maí 2023

Þá verða skipulags dagar skólaársins 2022-2023 á eftirfarandi hátt:

- 22. ágúst 2022 – Skipulagsdagur
- 2. janúar 2023 – Skipulagsdagur
- 17. maí 2023 – Skipulagsdagur, námsferð
- 19. maí 2023 – Skipulagsdagur, námsferð

Samtals 4 skipulags dagar.

Það er einlæg ósk okkar að þið samþykkið þessa beiðni.

Virðingarfyllt,

Birna Guðrún Jónsdóttir
leikskólastjóri Leikskólans Strandheima